

Svör frá stjórnmalaflokkum. Spurning 2.

Það er á ábyrgð ríkis að verkefnum sem falin eru sveitarfélögum fylgi fjármagn. Hvernig ætlar þinn flokkur að tryggja að það fjármagn sem þarf til að reka skóla án aðgreiningar verði veitt frá ríki til sveitarfélaga?

Punktur úr svörum framboðanna. Öll svörin má finna á samfok.is

- A – Björt framtíð segir að verkefni sem færð hafa verið frá ríki til sveitarfélaga hafi verið vanfjármögnuð og því erfitt að ná þeim árangri sem að var stefnt. Þau telja að ríkisvaldinu beri að sjá til þess að sveitarfélögin geti sinnt menntun barna á öllum sviðum.
 - B – Framsókn leggur áherslu á að öllum skólatigum sé tryggt fjármagn til reksturs.
 - C – Viðreisn vill leysa fjárhagsvanda sveitarfélaganna sem bitnar á getu þeirra til að mæta þörfum skólanna. Þau vilja m.a. auka tekjur hins opinbera af náttúruauðlindum og byggja upp kjarnastarfsemi.
 - D – Sjálfstæðisflokkurinn vill bíða eftir niðurstöðum úttektar á námi án aðgreiningar sem væntanlegar eru í lok þessa árs og taka ákvarðanir um málefnið út frá þeim.
 - P – Píratar vilja fjárhagslega sjálfstæð sveitarfélög t.d. með því að þau fái útsvar af tekjuskatti fyrirtækja og af þeim virðisaukaskatti sem verður til í sveitarfélaginu.
 - R – Alþýðufylkingin vísar í efnahagsstefnu flokksins sem losar um mikla peningar sem í dag renna til fjármálakerfisins en ætti að renna til sveitarfélaga til að standa undir þeim verkefnum sem þau eiga að sinna.
 - S – Samfylkingin vill réttlátari skiptingu tekna milli ríkis og sveitarfélaga m.a. til að fjármagna skóla án aðgreiningar og úrbætur í skólamálum.
 - T – Dögum telur að það fé sem ríkið hafði þegar það var með þessi mál á sinni könnu ætti að renna óskert til sveitarfélaga.
 - V – Vinstri græn vilja auka fjármagn í mennta og velferðarmál. Það ætla þau að gera með sanngjarnri gjalddöku og skattlagningu á breiðustu bökin í þjóðfélaginu.
-

SAMFOK, Barnaheill – Save the Children á Íslandi, ADHD samtökin, Einhverfusamtökin, Sjónarhóll, Olnbogabörn, Umboðsmaður barna, Heimili og skóli – Landssamtök foreldra, Landssamtökin Þroskahjálpi, Umhyggja – félag langveikra barna, UNICEF á Íslandi, Foreldraráð Hafnarfjarðar, Málefli, Tourette-samtökin.